


Íslenski hesturinn á fullveldisöld



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Skagafjörður



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



Íslenski hesturinn á fullveldisöld



Póstlest Hans Hannessonar pósts. Ljósmynd: Magnús Ólafsson.

ÍSLENSKI HESTURINN

Íslenski hesturinn kom hingað til lands með landnámsmönnum. Þeir komu nokkuð víða að en fyrst og fremst frá vesturströnd Noregs og margir með viðkomu á bresku eyjunum. Nýjustu rannsóknir hafa leitt í ljós mikil líkindi milli erfðaefnis íslenska hestsins og þess hjaltneska sem og mongólska hestsins. Skyldleikinn við norsku hestakynin er hins vegar minni en við hefði mátt búast. Í ljósi landfræðilegrar legu bresku eyjanna og hve oft landnámsmennirnir fóru þangað í víking, eru tengslin við Hjaltlandshestinn auðskýrð. Hvað skyldleika við mongólska hestinn varðar er skýringuna að finna í víkingaferðum norrænna manna í austurveg. Ætla má að við landnámið hafi þeir haft undir höndum hrossakyn sem átti uppruna sinn að töluverðu leyti í Rússlandi.

Pennan hest fluttu þeir svo með sér hingað til lands, auk álitlegra hrossa sem þeir rændu í ferð sinni sem fyrr greinir. Í ljósi þess hve þröngt var í skipum landsnámsmanna, er ljóst að ekki hafi þeir flutt hingað önnur hross en þau sem þeir töldu notadrýgst og þá vafalaust aðeins þau bestu sem þeir áttu, eða náðu til.

Þessi stofn myndaði svo grunninn að íslenska hestinum sem varðveist hefur hér á landi hreinræktaður, þ.e. án nokkurrar innblöndunar annarra hrossakynja. Þótt sagnir séu af innflutningi hrossa á söguöld er ljóst að engin erfðaleg áhrif urðu af honum. Á síðari öldum hefur enginn innflutningur hrossa átt sér stað.

Fornmenn stunduðu hrossarækt en ekki er minnst á kynbætur annars búpenings. Höfðingjum sögualdar þótti sómi að því að eiga metfé í stóði og enginn búpeningur er jafn oft nefndur í fornritunum og hrossin. Þegar frá leið og þrengja fór að landsmönnum efnalega, lognaðist ræktunarstarfið út af og náttúruúrval varð svo gott sem allsráðandi.

Hestarnir hafa á öllum öldum Íslandsbyggðar haft sérstöðu meðal búpenings þjóðarinnar og ekkert húsdýranna stóð manninum nær en hesturinn. Ísland hefði líka vafalaust verið óbyggilegt án hans og var hann

því þjóðinni sannarlega *þarfasti þjónninn*. Þannig nýttist hann til ferðalaga um veglaust land sem reið- og vinnuhestur, auk þess að vera burðardýr og dráttarhestur eftir að hjólið kom til sögunnar. Hesturinn og þjóðin hafa því átt órofa samleið og íslensk þjóðmenning og hestamennska eru samþætt.

FJÖLDI HROSSA

Hrossum fjölgaði ört á fyrstu öldum Íslandsbyggðar enda hrossin ómissandi. Fljótlega heyrðust þó raddir þess efnis að hrossin væru óþarflega mörg og rýrðu jafnvel landkosti. Fyrir áeggjan Skúla Magnússonar, þá sýslumanns Skagfirðinga, var því sett samþykkt um hrossahald í sýslunni árið 1739. Í henni var m.a. gerð krafa um að reka skyldi hross á afrétt að sumrinu, til varnar ofbeit heimalanda.

Fyrstu nákvæmu fjöldatölurnar eru frá árinu 1703 en þá voru hrossin í landinu 26,910 talsins. Geysilegur fellir varð svo í tengslum við Móðuharðindin og árið 1784 voru hrossin í landinu þá einungis 8,683 talsins. Fjöldi þeirra hafði verið tæplega 36 þúsund ári fyrr og strax árið eftir var hann aftur orðinn tæp 13 þúsund. Þarna átti sér stað gríðarlega hart náttúruúrval en samtímis úrvalsstarf, því að sagnir eru til um að fólk legði mikið á sig til að halda lífi í verðmætustu og bestu skepnunum. Í kjölfarið varð því til ákveðinn úrvalsstofn rétt eins og sá sem kom af skipum landnámsmannanna.

Hrossunum fjölgaði svo nokkuð ört og voru þau lengi um 30 þúsund talsins. Fjöldi þeirra fór fyrst yfir 40 þúsund um miðbik nítjándu aldar. Þeim fækkaði svo ört í harðindunum er á öldina leið en þá komu mikil fellisár. Þau náðu sér á strík á nýjan leik og aldamótaárið 1900 var fjöldi hrossa orðinn 41,654 og fullveldisárið 1918 voru þau alls 53,218 talsins.

ÚTFLUTNINGUR

Sagnir eru til um útflutning hrossa í gegnum aldirnar, en ekki var um eiginlegt útflutningsstarf að ræða fyrr en um miðja nítjándu öld. Útflutningurinn varð skjótt stór í sniðum og skipti umtalsverðu efnhagslegu máli, rétt eins og sauðasalan og nam útflutningur hrossa þúsundum sum



árin. Mestur var hann árið 1899 en þá voru flutt út rúmlega 5,500 hross. Aldamótaárið 1900 fóru rúm 3,000 hross úr landi og fullveldisárið 1918 rúm 1,000 hross. Þá hafði fyrri heimstyrjöldin haft sín áhrif, en strax árið eftir fór útflutningurinn yfir 3,000 hross að nýju. Heimildir eru til um fjölpætta notkun þessara hrossa. Sum voru reiðhross, önnur drógu léttivagna eða tóku þátt í veðreiðum. Flest urðu þau þó vinnuhross og mörg þeirra í breskum kolanámum. .

KYNBÆTUR HROSSA

Fyrstu skrif um kynbætur hrossa á Íslandi birtust árið 1788 í riti Lærdómslistafélagsins og voru eftir Ólaf Stephensen, stiftamtman. Voru þau hvatning til landsmanna að bæta hrossin með úrvali en þó einkum tilraun til að marka ræktunarstefnu. Þar lýsir hann því hvernig hestar skuli byggðir svo ágætt teljist. Magnús Stephensen, háyfirdómari, sem þekkti vel til hrossakynbóta í nágrannalöndunum, tók svo upp þráðinn með hvatningarskrifum sem birtust í Klausturpóstinum árið 1825. Þar sagði hann að „heppilegast sé að framkvæma hrossakynbótina með vönduðu vali stóðhesta og stóðkapla til undaneldis, einkum af gæðingakyninu, en fengjum bægt bikkjukyninu frá ...“.

Fyrsta samþykktin um hrossakynbætur var gerð af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu árið 1879. Fyrsta sýningin fyrir búfé, þar sem hrossin skipuðu háan sess, var síðan haldin á Reynistað í Skagafirði 29. maí árið 1880. Ýmsar hræringar, m.a. stofnun svokallaðra kynbótabúa, urðu svo víðar á Norðurlandi næstu áratugina, en ekkert skipulegt framhald varð á sýningahaldi að sinni.

Fyrstu lög um kynbætur hrossa voru sett á Alþingi árið 1891. Viðauki við þau er frá árinu 1901 og svo breytingar árið 1917 og þannig giltu þau þegar fullveldið tók við árið 1918.

Búnaðarfélag Íslands var stofnað árið 1899 og réði það til sín fyrsta búfjárræktarráðunautinn árið 1902 sem hafði m.a. hrossarækt á sinni könnu. Er það upphafið að samfelldri leiðbeiningaþjónustu í greininni.

Fyrsta hrossaræktarfélagið, Hrossaræktarfélag Austur-Landeyja, var stofnað árið 1904 og fylgdu svo fleiri í kjölfarið. Voru mörg hrossaræktarfélög starfandi er fullveldið tók við árið 1918.

Fyrsta hrossasýningin á vegum Bí var héraðssýning haldin í Þjórsártúni 14. júlí árið 1906 og markar þessi sýning upphaf samfellds sýningahalds á landinu.


Í upphafi skipulegs kynbótastarfs upp úr alda-mótunum 1900, fóru áburðarhestar í vaxandi mæli að verða að dráttarhestum og var þeim þá beitt fyrir vagna og sleða. Brátt hélt mikil véltækni svo innreið sína með margs konar hestavinnuvélum. Raddir voru því uppi um að rækta bæri íslenska hestinn aðgreint, annars vegar reiðhesta, smalahesta og ferðahesta og hins vegar áburðarhesta og akhesta, eins og dráttarhestar voru oft kallaðir. Þessi stefna varð þó ekki ofan á nema í mesta lagi tvö stutt skeið, annars vegar upp úr aldamótunum og hins vegar fáein ár upp úr árinu 1940. Um svipað leyti sannaðist þó hið fornkveðna, að skjótt skipist veður í lofti, því að á örfáum árum upp úr síðari heimsstyrjöldinni leystu heimilisdráttarvélin og landbúnaðarjeppinn vinnuhestana af hólmi.

SÝNINGAR OG KEPPNIR

Hestakeppnir eiga sér langa sögu hér á landi, saman-ber vígahesta fornaldar. Ýmsar sagnir eru svo til um að menn hafi reynt með sér á hestum. Talið er að fyrsta eiginlega tilraun manna til að vekja athygli á íslenska reiðhestinum, hraða hans og keppnishörku, hafi verið gerð á Oddeyri á Akureyri þjóðhátíðarárið 1874. Einnig voru hinar svokölluðu Melakappreiðar í Reykjavík haldnar flest ár frá 1897 til ársins 1909. Ekkert skipulagt keppnishald í hestamennsku var hins vegar við lýði í landinu er fullveldið tók við árið 1918. Sportreiðar voru hins vegar töluvert stundaðar og mörg dæmi eru um að menn kappkostuðu að vera vel ríðandi og reyndu með sér á gæðingum sínum.



Fjöldi hrossa á landinu 1918 til 2017
Á línuritinu hér að ofan sést þróun í fjölda hrossa á landinu frá árinu 1918 til og með 2017.
(Heimild: Hagstofa Íslands).



Fjöldi útfluttra hrossa frá landinu 1918 til 2017
Á súluritinu hér að ofan sést þróun í fjölda útfluttra hrossa frá landinu árin 1918 til og með 2017.
(Heimild: Hagstofa Íslands).



Hestar að verki við tjörusteypun Pósthússtrætis í Reykjavík.
Ljósmynd: Magnús Ólafsson.



Hestar no...
L...



Erfðahlutdeild.
Saga skipulegrar ræktunar íslenska hestsins er í raun og veru ekki mikið lengri en fullvæðing náðst í því starfi, einkum þó á síðustu árum og áratugum. **Afar áhugavert er að kannna íslenska eru, eða hvaða ræktunargripir standa hvað helst að baki honum.** Í því skyni er grein um uppruna sinn í hverjum þessara gripa fyrir sig. Töluleg stærð erfðahlutdeildarinnar gefur forfeður og -mæður íslenska hrossastofnsins.


1916



Erfðahlutdeild
4,60%

Sörli frá Svaðastöðum IS1916158550

1924



Erfðahlutdeild
3,67%

Léttir frá Svaðastöðum IS1924158550

1933



Erfðahlutdeild
1,66%

Blakkur frá Hofsstöðum

1918

Áhersla á stofnun og starfrækslu hrossaræktarfélaganna í hreppum landsins. Mikil gróska var í þessu starfi fram undir 1930.

1921

Búnaðarfélag Íslands efndi til búsaðaldráttar í Reykjavík þar sem hestaverkfæri voru áberandi.

1922

Fyrsta hestamannafélagið stofnað, Hestamannafélagið Fákur í Reykjavík.

1923

Færsla ættbókar Bí fyrir kynbótahross hófst. Stóðhestar og hryssur, sem náðu tilteknu verðlaunastigi, eða tiltekinni einkunn á hverjum tíma, voru skráð í ættbókina og gefið hlaupandi raðnúmer.

1925

Samþykkt á búnaðarþingi að landinu skyldi skipt upp í þrjú sýningar svæði og haldnar sýningar í hverju þeirra þriðja hvert ár. Ráðunauturinn fór þannig heila umferð um landið á þremur árum. Jafnframt var samþykkt að teknar skyldu upp sýningar stóðhesta með afkvæmum en fram til þessa hafði aðeins verið um einstaklingsdóma að ræða. Ennfremur var samþykkt að greiða hrossaræktarfélagunum styrk út á leiddar hryssur til stóðhesta félagsins, gegn því að skýrslum væri skilað.

1926

Samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um kynbætur hrossa. Samkvæmt þeim var hert á banni við lausagöngu stóðhesta sem fyrst var lögfest 1901.

1928

Hrossaræktin varð að aðalstarfi ráðunautar hjá Bí en áður var henni sinnt með öðrum störfum búfjárræktarráðunauta.

Hestamannafélagin Gláður í Dalasýslu og Léttir á Akureyri stofnuð.


1929

Hestamannafélagið í Arnessýslu stofnað.



Þotaðir við slátt í Brynjudal í Kjós.
Ljósmynd: Páll Jónsson.

eldisöldin (1918 til 2018). Mikill árangur hefur
a hver ættforeldri núverandi hrossastofnsins
yni var reiknuð út svokölluð erfðahlutdeild hvers
verið er að vinna með í ræktunarstarfinu, á
ur þannig hvað gleggsta mynd af því hverjir voru



um IS1933158228

1937

Sveinn Guðmundsson



Erfðahlutdeild
4,32%

Ragnars-Brúnka frá Sauðárkróki IS1937257001

Ari Guðmundsson




Erfðahlutdeild
3,04%

Skuggi frá Bjarnanesi IS1937177180



Sleipnisbikarinn, æðstu verðlaun
sem veitt eru í íslenski hrossarækt.
Ljósmynd: Bændablaðið.

1941



Erfðahlutdeild
3,66%

Nökkvi frá Hólmi IS1941177415

1931

slagið Sleipnir
stofnað.

Fyrstu heildarlög um búfjárrækt
samþykkt (lög nr. 32/1931).

Ritið *Hestar* eftir Theodór
Arnbjörnsson kom út hjá BÍ.

1933

Hestamannafélögin Faxi
í Borgarfirði og Léttfeti á
Sauðárkróki stofnuð.

1941

Þingvallareiðin fór fram helgina
28. – 29. júní, þar sem fundur
var haldinn og drög lögð að
sjóði til að stuðla að sérræktun
reiðhrossa, stórsýningum
á Þingvöllum og stofnun
landssamtaka hestamanna.

1942

Sett upp tamningastöð fyrir
dráttarhesta á Hvanneyri fyrir
tilhlutan Búnaðarsambands
Borgarfjarðar. Vélvæðing
sveitanna með hestaverkfærum
var þá í hámarki, en fáeinum
árum síðar tók dráttarvélin
og landbúnaðarjeppinn við
hlutverki hestanna.

Með nýjum búfjárræktarlögum
varð sú breyting að áhersla
á sveitasýningar jókst,
héraðssýningum var fækkað,
en landsvæðin er þær náðu til
voru stækkuð.

1946

Horfnir góðhestar, eftir Ásgeir
Jónsson frá Gottorp, fyrra
bindi, kom út hjá Norðra á
Akureyri. Síðara bindið kom
út 1948 og bókinn *Samskipti
manns og hests* eftir sama
höfund árið 1951. Hér er um
að ræða stórmerk rit sem
gefa mikilvæga innsýn í stöðu
gæðingakosts á Íslandi og
þróun reiðmennsku.

1947

Búnaðarfélag Íslands
efndi til landssýningar
á kynbótahrossum á
Landbúnaðarsýningunni í
Reykjavík 1947. Stóðhestunum
var skipt í tvo flokka:
vinnuhesta og reiðhesta. Efsti
hesturinn í flokki reiðhesta
hlaut Sleipnisbikarinn og var
það jafnframt í fyrsta sinn sem
hann var veittur.

1948

Ný búfjárræktarlög samþykkt
(lög nr. 19/1948). Þar
voru ákvæði um skipulag
reiðhestaræktunarinnar með
samstarfi BÍ og samtaka
hestamannafélaganna um
landssýningu fjórða hvert ár.



Efstu gæðingar á landsmótinu 1950. Ljósmynd: Mbl/ Ólafur K. Magnússon.



Theodór Arnbjörnsson hrossaræktarráðunautur Bí við dómstörf á Suðurlandi um 1930. Ljósmynd: Einkasafn ThA, Sögusetur íslenska hestsins.



Dómnefnd kynbótahrossa á landsmóti hestamanna á Pveráreyrum í Eyjafirði 1954. Frá vinstri talið: Bogi Eggertsson, Símon Teitsson, Gunnar Bjarnason, hrossaræktarráðunautur Bí. Jón Jónsson á Hofi á Höfðaströnd og Jón Pálsson. Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson.



Stjarni landsmót eigan


1942



Erfðahlutdeild
3,55%

Sokki frá Syðra-Vallholti IS1942157598

1943




Guðmundur Sígússon

Erfðahlutdeild
4,15%

Fengur frá Eiríksstöðum IS1943156690

1947



Sveinn Guðmundsson heldur í hestinn

Erfðahlutdeild
2,25%

Goði frá Sauðárkróki IS1947156690

1949

Landssamband hestamannafélaga (LH) stofnað. Stofnfélögin voru: Faxi í Borgarnesi, Fákur í Reykjavík, Dreyri á Akranesi, Geysir í Rangárvallasýslu, Léttfeti á Sauðárkróki, Léttir á Akureyri, Neisti á Blönduósi, Sindri í V-Skaftafellssýslu, Sleipnir á Selfossi, Smári í Árnessýslu, Stígandi í Skagafirði og Sörli í Hafnarfirði. Skömmu síðar gengu Glaður í Dalasýslu og Hörður í Kjósarsýslu í sambandið.

Fyrsta hrossaræktarsambandið, Hrossaræktarsamband Suðurlands, stofnað. Í kjölfarið voru þau svo stofnuð eitt af öðru og spönnuðu misstór svæði, allt frá sýslum til heilu landsfjórðungana.

1950

Fyrsta landsmót LH og Bí haldið á Þingvöllum 6. - 11. júlí. Hrossin voru sýnd í fimm flokkum. Í 1. flokki stóðhestar 4 vetra og eldri, tamdir sem reiðhestar, sumir sýndir með afkvæmum, þar sem efsti hesturinn hlaut Sleipnisbikarinn, en aðrir aðeins sýndir sem einstaklingar. Í 2. flokki þriggja vetra stóðhestar, bandvanir. Í 3. flokki tamdar reiðhryssur. Í 4. flokki tamdir, vanaðir góðhestar (gæðingakeppni). Í 5. flokki hestar og hryssur sem tóku þátt í kappreiðum.

1951

Áherslan á ræktun reiðhesta innsiglið á búnaðarþingi. Alveg frá upphafi ráðunautapjónustu höfðu miklar rökræður staðið um ræktunarstefnuna hvað varðaði áherslu á ræktun vinnuhesta annars vegar og reiðhesta hins vegar. Jafnframt hvort ætti að halda þessu aðgreindu, eða rækta kynið sem einn stofn og treysta þá á að nóg félli til af jafnlyndum og traustum vinnuhestum, þótt megináherslan væri á ræktun reiðhesta.

Stefnumörkunin og samstarf Bí og LH var samþykkt með svofelldri bókun: „Búnaðarþing ályktar, að fyrst um sinn beri að móta hrossaræktina með sérstöku tilliti til ræktunar á sterku, geðgóðu og viljugu hestakyni, ásamt úrvals reiðhestakyni. Búnaðarþing væntir þess, að Landssamband hestamannafélaga hafi samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands og hrossaræktarráðunaut þess, um stefnu í hrossaræktinni, svo árangur beggja verði sem bestur.“ Samþykkt með 18 samhljóða atkvæðum.

LH felur nefnd manna að taka saman „Frumvarp til reglugerðar um ræktun reiðhesta.“

Alþjóðasamband smáhestaræktenda (IPBF) stofnað, en íslenski hesturinn var aðili að því. Markvissri kynningu á íslenska hestinum var haldið uppi innan sambandsins, en útlutningur hrossa frá Íslandi var sáralitill á þessum tíma. Mikil átök einkenndu störf sambandsins sem var lagt niður 1958.

Fyrsti vísir að reiðskóla á Íslandi settur upp við Bændaskólann á Hvanneyri fyrir forgöngu Gunnars Bjarnasonar.

1953

Á fáki – kennslubók í hestamennsku, kom út hjá LH. Höfundar Bogi Eggertsson og Gunnar Bjarnason.

1954

Annað landsmót LH og Bí haldið á Pveráreyrum í Eyjafirði 7. – 11. júlí. Keppnisflokkar voru hinir sömu og á mótinu 1950.

Folaldaskýrsluhald Bí, þ.e. skipuleg skráning folalda og afdrífa þeirra, hófst og stóð yfir til 1990. Mikilvægar upplýsingar um frjósemi o.þ.h. þætti söfnuðust með folaldaskýrsluhaldinu.

1956

Fyrsta fjórðungamótið undir merkjum LH haldið; fjórðungsmót LH fyrir Kjálarnesþing, haldið á skeiðvöllum við Elliðaár 7. – 8. júlí. Ári fyrr höfðu sunnlensku hestamannafélögin staðið fyrir fjórðungsmóti 10. júlí á Gaddstaðafliótum við Rangá.

1957

Samþykkt breyting á gæðingabókun LH, búfjárræktarlögum þess efnis að heimilað var að samþykka héraðssýninga fjórðungsmót LH.



frá Oddsstöðum, sigurvegari gæðingakeppni
anna 1954 og 1962. Knapi er Bogi Eggertsson,
di hestsins. Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson.

ÞRÓUN DÓMSTIGANS FRÁ 1950 FRAM TIL DAGSINS Í DAG

Dómstigi kynbótahrossa, vægi dómsatriða í % 1950 til 2018

Sköpulag	1950	1954	1958	1961	1979	1986	1990	2000	2010
Yfirsvipur	7,0	8,75	14,0	20,0					
Höfuð					5,0	5,0	5,0	3,0	3,0
Háls, herðar, bógar					7,5	7,5	10,0	10,0	10,0
Bak og lend					7,5	7,5	7,5	3,0	3,0
Samræmi	7,0	8,75	14,0	10,0	10,0	10,0	7,5	7,5	7,5
Fætur	6,0	7,5	12,0	20,0					
Fótagerð					6,3	6,3	7,5	6,0	6,0
Réttleiki					7,5	7,5	5,0	3,0	3,0
Hófar					6,3	6,3	7,5	6,0	6,0
Prúðleiki¹								1,5¹	1,5
Alls	20,0	25,0	40,0	50,0	50,0	50,0	50,0	40,0	40,0

¹Prúðleiki var metinn á tölulegum kvarða frá og með árinu 1997 en var fyrstu árin gerður upp sem einn stakur eiginleiki en ekki sem hluti af heildarmati á hrossunum.

Dómstigi kynbótahrossa, vægi dómsatriða í % 1950 til 2018

Kostir	1950	1954	1958	1961	1979	1986	1990	2000	2010
Tölt	8,0	12,5	10,0	8,3	8,3	14,3	14,3	15,0	15,0
Brokk	6,0	7,5	6,0	6,7	6,7	5,7	5,7	7,5	7,5
Skeið	12,0	12,5	10,0	8,3	8,3	7,1	7,1	9,0	10,0
Stökk	8,0	10,0	8,0	5,0	5,0	4,3	4,3	4,5	4,5
Vilji	14,0	17,5	14,0	10,0	10,0	8,6	8,6		
Geðslag	8,0	10,0	8,0	6,7	6,7	5,7	4,3		
Vilji og geðslag								12,5	9,0
Fegurð í reið				5,0	5,0	4,3	5,7	10,0	10,0
Fet	4,0	5,0	4,0					1,5	4,0
Hraði	20,0								
Alls	80,0	75,0	60,0	50,0	50,0	50,0	50,0	60,0	60,0



47157008

1952

Sveinn Guðmundsson
heldur í Síðu og
Guðmundur Sveinsson
í Hervöru.



Erfðahlutdeild
7,08%

Síða frá Sauðárkróki IS1952257001

1957



Erfðahlutdeild
1,88%

Hörður frá Kolkuósi IS1957158589

1958

gildandi
ss
að fella
r Bí og

Þriðja landsmót LH og Bí haldið við Skógarhóla í Þingvallasveit 17. – 20. júlí. Sérstakir flokkar afkvæmahrossa settir upp og hryssur sýndar í fyrsta sinn með afkvæmum.

Hafist handa, í samstarfi við heimamenn, við að stofna félög eigenda íslenskra hesta í ýmsum löndum Evrópu.

1959

Fyrsta fjórðungsmót LH og Bí haldið á Sauðárkróki 11. – 12. júlí.

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri stofnaði sumarreiðskóla sem starfaði samfellt um áratugaskeið. Fyrst var skólinn einvörðungu fyrir börn félagsmanna, en varð almennur eftir að Æskulýðsráð Akureyrar gekk inn í starfsemina.

1960

Hestamannafélagið Fákur setti upp reiðskóla fyrir börn með fyrsta menntaða reiðkennara landsins, Rosemarie Þorleifsdóttur.

Hesturinn okkar, tímarit LH um hesta og hestamennsku, hóf göngu sína undir ritstjórn Vignis Guðmundssonar blaðamanns. Ritíð kom út allt til 1998 er það sameinaðist Eiðfaxa en reksturinn hafði verið leigður út síðustu árin.

1962

Fjórða landsmót LH og Bí haldið við Skógarhóla 13. – 15. júlí.

Hrossaræktarbú ríkisins á Hólum í Hjaltadal stofnsett í því stefnumiði að hreinrækta hin svokölluðu austanvatnahross (Svaðastaðastofn). Búinu var sett reglugerð 1971.

1964

Fyrsta 20x40 reiðgerðið á Íslandi sett upp hjá reiðskólanum í Vestra-Geldingaholti.

Skuggafélagið, félagsskapur um stofnræktun hrossa út af Skugga 201 frá Bjarnanesi, stofnað í Borgarfirði.

1966

Fimmta landsmót LH og Bí haldið á Hólum í Hjaltadal 13. – 17. júlí.

1968

Fyrsta bindi *Ættbókar og sögu íslenskra hestsins á 20. öld*, eftir Gunnar Bjarnason, kom út hjá Prentverki Odds Björnssonar á Akureyri. Auk ættbókar Bí er þar að finna starfssögu Gunnars Bjarnasonar. VII. og síðasta bindið kom út 1991.



Reynir Aðalsteinsson á fyrsta Evrópumótinu í Aegidienberg í Pýskalandi árið 1970 á Stjarna frá Svignaskarði sem var tímamótahestur fyrir sakir fótaborðar og rýmis á tölti. Fékk enda viðurnefnið Súper-Stjarni. Ljósmynd: Friðþjófur Þorkelsson.



Hlynur frá Akureyri, siguvegari í B-flokki gæðinga á landsmótinu 1978. Knapi: Eyjólfur Ísólfsson. Þeir sigruðu einnig töltkeppni landsmótsins með hæstu einkunn sem gefin hafði verið. Ljósmynd: Kristján Einarsson.



Jóhann Skúlason á Hvin frá Holtsmúla 1, heimsmeistarar í tölti í Brunnadern í Sviss 2009. Ljósmynd: Jens Einarsson.



Á ráslinu: Mynd frá blómatíma stökkkappreiðanna. H landskunna hestamenn ýmist sitja eða halda í stökkhesta ekki var farið að nota rásbása á kappreiðum hérlendis f var fram á níunda áratuginn. Ljósmynd: Sigurgeir Sigmundsson.

1958

Sveinn Guðmundsson




Erfðahlutdeild
1,53%

EEG

Fluga frá Sauðárkróki IS1958257001

1961

Halldór Jónsson



Erfðahlutdeild
1,44%

Rauður frá Kolkuósi IS1961158588

1962



Erfðahlutdeild
2,62%

EEG

Hylur frá Kirkjubæ IS1962186101

1969

Stofnun FEIF (Föderation Europäisher Islandpferde-Freunde). Stofnlönd voru sex, Bí fór með aðildina fyrir Íslands hönd og greiddi framlag til rekstursins. Í samtökunum eru nú 21 aðildarland með alls um 60 þúsund félagsmenn.

1970

Fyrsta Evrópumótið haldið í Aegidienberg við Rín. Þátttaka var frá eftirfarandi löndum: Pýskalandi, Sviss, Austurríki, Hollandi, Danmörku og Íslandi, en það eru sömu löndin og stofnuðu FEIF. Mótin hafa verið haldin reglulega síðan. Nú eru þau haldin árin á milli landsmóta og talað er um heimsleika þar sem aðild að FEIF er ekki lengur einskorðuð við Evrópulönd.

Sjötta landsmót LH og Bí haldið við Skógarhóla 8. – 12. júlí. Á þessu móti var í fyrsta sinn keppt í aðgreindum flokkum í gæðingakeppninni: A-flokkí alhliða gæðinga og B-flokkí klárhesta með tölti.

Félag tamningamanna (FT) stofnað. Var það fyrst féлага að taka upp samstæðan félagsbúning. Kveikti þetta almenna viðleitni til að klæðnaður hestamanna yrði snyrtilegri og samstæður (félagsbúningar sem teknir voru upp á næstu árum í hestamannafélögunum).

Fyrstu hestaleigurnar og hestaferðafyrirtækin stofnuð.

1971

Hrossaræktarsamband Íslands, samstarfsvettvangur hrossaræktarsambanda landsins, stofnaður.

Feldmann-féðgar frá Pýskalandi héldu tímamótareidnámskeið hjá Fákí í Reykjavík sem lét setja upp reiðgerði af því tilefni.

Fyrsta mótið í hestaípróttum haldið á Hvítárþakka í Borgarfirði.

1972

Fyrsta tamningamannapróf FT haldið.

1973

Ný búfjárræktarlög (lög nr. 31/1973) samþykkt. Margvísleg nýmæli er snertu hrossaræktina voru í lögunum, m.a. greinargott skipulag um sýningahaldið; i) árlegar sýningar hjá búnaðar- og hrossaræktarfélagum á ungum kynbótahrossum og hrossum sem ekki hafa fengið 1. verðlaun (aðaleinkunn 8,00 eða hærri), ii) fjórðungssýningar í hverjum landsfjórðungi þriðja eða fjórða hvert ár, iii) landssýningar þriðja eða fjórða hvert ár, iv) heimilt áfram að sameina fjórðungs- og landssýningar Bí, fjórðungs- og landsmótum LH. Á grundvelli fyrsta liðarins fjölgaði kynbótasýningunum en annað sýningahald var í föstu formi. Ástæða ákvæðisins um að banna endursýningar á 1. verðl. hrossum var að fjárstyrkir voru greiddir ef það einkunnastig næðist.

Í lögunum var einnig ákvæði sem gerði ráð fyrir starfsemi stofnræktarféлага, en auk Skuggafélagsins stórfuðu um skeið Fjallablesafélagið, Kleifahross og Snældufélagið. Þá var þar nýtt ákvæði um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins með það hlutverk að styrkja og lána hrossaræktarsamböndum fé til að kaupa kynbótahesta sem ella kynnu að verða seldir úr landi. Sjóðurinn starfar enn, þó með mjög breyttum hætti og hefur að markmiði að veita fé til rannsókna og þróunar í greininni. Einnig var í lögunum ákvæði um svokallaða sýninganefnd Bí og LH sem var fimm manna nefnd og skipuðu hana tveir fulltrúar LH, tveir starfandi héraðsráðunautar og hrossaræktarráðunautur (formaður).

Stóðhestastöð ríkisins stofnuð á Litla-Hrauni. Var flutt að Gunnarsholti árið 1981. Stöðinni voru settar reglur árið 1985 og reist nýtt hesthús í Gunnarsholti sem var tilbúið í árslok 1991.

Fyrsta formlega námskeiðið í gæðingadómum skv. nýrri útfærslu keppninnar (spjaldadómar). Áður hafði einu sinni verið haldið námskeið (1966) eftir gamla formi keppninnar.

1974

Sjöunda landsmót LH og Bí haldið á Vindheimamelum í Skagafirði 10. – 14. júlí. Kappreiðahald stóð nú í blóma og voru úrslitasprettirnir lokaatriði mótsins eins og verið hafði á Hólum 1966.

1975

Hagsmunafélag hrossabænda stofnað en það var forveri Félags hrossabænda. Nafninu var fljótlega breytt í Félag hrossabænda.

1976

Fyrsta hestaípróttastofnun haldið hjá F. Fleiri hestam sigldu í kjölfarið ípróttadeildir.

Fyrsta reiðkeppni í FT og próf að Stóra-Höf. réttindi sem l.



Ér má sjá
a á ráslínu, en
yrr en komið
urjónsson.



Hörkuspennandi riðill í skeiði á Vindheimamelum árið 1980. Frá vinstri:
Villingur frá Möðruvöllum og Trausti Þór Guðmundsson, Skjóni frá Móeiðarhvoli og
Albert Jónsson, Frami frá Kirkjubæ og Erling Ó. Sigurðsson. Hvorir tveggja Skjóni
og Villingur voru um skeið Íslands- og heimsmethafar í 250 metra skeiði.
Skjóni 1979 – 1985 með tímann 21,6 sek og Villingur 1985 – 1986
með tímann 21,5 sek. Ljósmynd: Eiríkur Jónsson.



Hrímnir frá Hrafnagili sigurvegari B-flokks á landsmóttinu á
Vindheimamelum 1982. Knapi Björn Sveinsson á Varmalæk. Til vinstri
eru hestarnir í næstu sætum. Fremstir: Vængur frá Kirkjubæ í öðru
sæti, setinn af Jóhanni Friðrikssyni og Goði frá Ey, knapi Trausti Þór
Guðmundsson. Ljósmynd: Jón Trausti Steingrímsson.

1964

Þorsteinn Jónsson og
Örn Johnson forstj.
Fí stendur hjá



Erfðahlutdeild
6,57%

MÓG

Sörli frá Sauðárkróki IS1964157001

1966

Sigurjón Gestsson



Erfðahlutdeild
3,08%

EEG

Hrafnkatla frá Sauðárkróki IS1966257002

1967

Þorvaldur Árnason



Erfðahlutdeild
2,65%

EEG

Blossi frá Sauðárkróki IS1967157001

Sigurður Haraldsson



Erfðahlutdeild
2,23%

EEG

Þáttur frá Kirkjubæ IS1967186102

1977

Íþróttadeildin
Fáki í Reykjavík.
annafélög
riðið og stofnuðu

Íþróttaráð LH sett á laggirnar.

Eiðfaxi, mánaðarrit með
hestafréttum, hóf göngu
sína. Útgefandi var hópur
áhugasamra hestamanna.
Fyrsti ritstjórinn var Sigurjón
Valdimarsson. Ritið kemur enn
út, en er nú í eigu almenns
fjölmiðlafyrirtækis og er eina
hestablaðið á markaðnum.
Önnur blöð sem hafa komið út
um lengri eða skemmri tíma,
hafa ýmist lagt upp laupanna
eða sameinast *Eiðfaxa*.

1978

Áttunda landsmót LH og
Bí haldið við Skógarhóla
12. – 16. júlí. Á þessu móti
voru hestaiþróttir í fyrsta
sinn á dagskránni (tölt og
gæðingaskeið).

Reynir Aðalsteinsson, fyrsti
tamningameistari FT, lauk prófi.

1981

Hólaskóli endurreistur. Lögð
var áhersla á hestamennsku í
búfræðináminu. Nýtt hesthús
tekið í notkun, en það er
nú orðið elsta hesthúsið á
Hólastað.

1982

Niunda landsmót LH og Bí
haldið á Vindheimamelum
7. – 11. júlí. Á þessu móti
var í fyrsta sinn efnt til
sýningar ræktunarbúa,
unglingakeppni tekin upp
og fjölgað keppnisgreinum í
kappreiðum, m.a. hafin keppni
í 150 m skeiði. Á þessu móti
voru í síðasta sinn greidd
peningaverðlaun fyrir árangur
í kynbótadómi.

Ættbók íslenskra hrossa.
Stóðhestar nr. 750 – 996 kom
út hjá BÍ. Ritstjóri, Þorkell
Bjarnason.

Frostmerkingar hrossa með
bandarísku táknrófi reyndar.
Var þetta fyrsta skipulega
tilraunin til að auðkenna
hross með öðrum hætti en
eyrnamörkum sem tíðkast
hófðu allt frá landnámi.

1984

Íþróttadeild Fáks fékk inngöngu
í ÍBR.

1986

Hrossaræktin, ársrit Bí um hrossarækt, kom út í fyrsta
sinn og árlega úr því til 1999. Um tíma kom það
út í þremur bindum árlega og yfir 400 bls. Ritstjóri,
Kristinn Hugason, en Þorkell Bjarnason var ritstjóri
fyrsta bindis og Ágúst Sigurðsson þess síðasta
(1999).

Kynbótamat fyrir íslensk hross tekið upp hjá BÍ og
hefur verið notað síðan. Það er reiknað út með BLUP
aðferðinni (*Best Linear Unbiased Prediction*) sem er
besta línulega óskekktá spá um kynbótagildi gripanna
út frá upplýsingum um mælda eiginleika og ætterni.
Með BLUP aðferðinni er leiðrétt fyrir áhrifum fastra
umhverfisþátta og þannig eru dómar frá mismunandi
árum, á misgömlum hrossum (aldursflokkar) og af
ólíku kynferði (stöðhestar, hryssur og geldingar)
gerðir samanburðarhæfir (síðar einnig frá mismunandi
löndum). BLUP aðferðin hefur skipað sér sess sem
kjöraðferð við kynbótamat búfjár um víða veröld.
Hagnýting aðferðarinnar í íslenskri hrossarækt byggist
á rannsóknnum dr. Þorvaldar Árnasonar.

Fyrstu reglur um fótábúnað kynbótahrossa settar.

Tiunda landsmót LH og Bí haldið á Gaddstaðflötum
2. – 6. júlí. Móttinu var flýtt þar eð ekki var lengur
gert ráð fyrir að menn kæmu riðandi á mótið.
Unglingakeppni skipt upp í tvo aldursflokkar; eldri og
yngri. Töltkeppni festist í sessi og kappreiðar voru
mjög öflugar (sex keppnisflokkar).

1987

Íþróttaráð LH fékk stöðu
sér sambands innan ÍSLÍ.

Reiðhöllin í Reykjavík reis
og var það fyrsta reiðhöllin á
landinu. Eigandi var hlutafélag
í eigu samtaka hestamennsku
og hrossaræktar, auk
einstaklinga.

Tekið upp nýtt númerakerfi þar
sem fæðingarnúmer komu í
stað gömlu ættbókarnúmera
BÍ. Fæðingarnúmerið
samanstendur af tveimur
bókstöfum fyrir landið þar
sem hrossið er fætt og 10
tölustöfum: Fæðingarári
hrossins, lykli fyrir kynferði
(1 fyrir hest, 2 fyrir hryssu)
og númeri fyrir uppruna
(2ja stafa héraðsnúmer),
auk þriggja stafa hlaupandi
raðnúmers, en rækendur
geta fengið úthlutað föstum
númeraröðum. Þá var jafnframt
hafin hjá BÍ tölvuskráning
hrossa í gagnavörslukerfi
sem var undanfari Fengs og
tölvuvæddur útreikningur og
birting dóma á sýningum hófst.




Dómnefnd kynbótahrossa á landsmótinu á Vindheimamelum 1990. Frá vinstri talið: Kristinn Hugason hrossaræktarráðunautur BÍ, Þorkell Bjarnason hrossaræktarráðunautur BÍ og Víkingur Gunnarsson héraðsráðunautur Bsb. Skagfirðinga. Ljósmynd: Eiríkur Jónsson.



Galsi frá Sauðárkróki sigurvegari í A-flokki gæðinga á landsmótinu á Melgerðismelum 1998 og efsti stóðhestur í 4 vetra flokki á landsmótinu á Gaddstaðafötum 1994. Knapi: Baldvin Ari Guðlaugsson. Ljósmynd Jens Einarsson.

1973

Ingimar Ingimarsson



Erfðahlutdeild
2,89%

Hervör frá Sauðárkróki IS197325700

Gísli Höskuldsson



Erfðahlutdeild
2,49%

Gáski frá Hofsstöðum IS1973135980

Ragnar Hinriksson



Erfðahlutdeild
2,16%

Gustur frá Sauðárkróki IS197315700

1968

Fríðrik Stefánsson



Erfðahlutdeild
11,99%

Hrafn frá Holtsmúla IS1968157460

1970

Albert Jónsson



Erfðahlutdeild
2,56%

Náttfari frá Ytra-Dalsgerði IS1970165740

1988

Fyrstu A reiðkennarar FT hlutu sín réttindi. Þeir voru Benedikt Þorbjörnsson, Eyjólfur Ísólffson, Reynir Aðalsteinsson og Sigurbjörn Bárðarson.

1989

Ný búfjárræktarlög (lög nr. 84/1989) samþykkt.

Viðtæk grunnskráning hrossastofnsins fór fram og númerun skv. fæðingarnúmerakerfinu. Áður fengu einungis þau hross númer sem náðu svokölluðum ættbókarlágmarkum. Seinni áratugina voru lágmörkin 7,50 fyrir hryssur og 7,75 fyrir stóðhesta, en einungis hluti sýndra hrossa náði þessum lágmörkum.

Gefin út reglugerð um auðkenningu hrossa þar sem frostmerking fæðingarnúmers varð viðurkennd aðferð.

Hrossaræktarbúi ríkisins á Hólum í Hjaltadal sett ný reglugerð sem fól í sér gerbreytta stefnu. Starfið á búinu skyldi verða í samræmi við nýjustu þekkingu í kynbótafræði og horfið var frá hreinræktun austanvatnahrossa. Ríkisbúið féll síðar inn í rekstur skólabúsins.

Reiðhöll, áföst aðstöðuhúsi skólahesthússins frá 1981, reis á Hólum og var það fyrsta reiðhöllin á Norðurlandi.

Samræmingarnámskeið á Hólum á vegum skólans og BÍ fyrir kynbótadómara og ræktunarfulltrúa FEIF landanna. Framhald varð á þessum námskeiðum fáeinum árum síðar.

1990

Hrossaræktarnefnd tók til starfa samkvæmt búfjárræktarlögunum frá 1989, en með þeim fengu búgreinafélögin, þ.m.t. Félag hrossabænda, aðild að búfjárræktarnefnd sinnar búgreinar. Nefndirnar lutu formennsku landsráðunauta BÍ. Skv. lögnum skyldi landsráðunautur og starfandi héraðsráðunautar skipa meirihluta hverrar nefndar. Hrossaræktarnefnd leysti sýninganefnd BÍ og LH af hólmi.

Á grunni nýju búfjárræktarlaganna og reglugerðar við þau voru settar heildarreglur um dóma kynbótahrossa. Hvað fyrirkomulag sýninghalds varðar gilti eftirfarandi; i) landssýningar kynbótahrossa með forskoðun, fjórða hvert ár, ii) fjórðungssýningar kynbótahrossa, með forskoðun, ein sýning á ári nema á landsmótsárum, haldin í fjórðungunum til skiptis, iii) héraðssýningar kynbótahrossa, ein eða fleiri sýningar á ári í öllum héruðum landsins þar sem hrossarækt er stunduð, iv) sýningar á hrossum á stöðvum og búum ríkisins í hrossarækt, v) dómar einstakra afkvæma, einkum vegna útlutnings, vi) dómar á erlendri grund á hrossum fæddum á Íslandi. Þarna var líka að finna ákvæði um fjölskipaða dómnefnd þriggja manna; um rétt hrossaræktarráðunautar BÍ að dæma einn á sýningum skv. lið v) og vi) um að búfræðikandidatar einir hafi heimild til dómstarfa og hvernig sýningarnar fari fram í öllum meginatriðum, s.s. hvað leyfilegan fótabúnað o.fl. þ.h. varðar. Þessar reglur gilda að stofni til enn í dag – þótt vitaskuld hafi þróun og ýmsar breytingar orðið.

Gagnger breyting gerð á dómum kynbótahrossa, stigunarkvarði var saminn þar sem eiginleikarnir voru nákvæmlega skilgreindir og lýst m.t.t. einkunnagjafar. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkur stigunarkvarði var saminn hér á landi og var bráðnaðsýnlegur upp á öryggi dómstarfa, en hafði að sérstöku markmiði að auka dreifni einkunnanna. Bæði arfgengi og dreifni flestra eiginleikanna jókst að mun eftir 1990.

Kynbótamat BÍ (BLUP) varð undirstaða að afkvæmaverðlaunum stóðhesta og þar með að veitingu Sleipnisbikarsins. Sama aðferð var tekin upp hvað hryssur varðar fáeinum árum síðar, en fyrst í stað var meðaltal aðaleinkunna afkvæma hryssnanna lagt til grundvallar, en leiðrétt m.t.t. fastra umhverfisáhrifa.

Ellefta landsmót LH og BÍ haldið á Vindheimamelum 3. – 8. júlí. Alþjóðleg keppni í hestaiþróttum fór fram samhliða mótinu. Vegleg peningaverðlaun, eins og þá tiðkuðust víða, voru í kappreiðagreinum.

Hestaiþróttasamband Íslands (HÍS) var stofnað og gerðist aðili að ÍSÍ í stað Íþróttaráðs LH.

1991

Gagnavörslukerfið Fengur tekið í notkun hjá BÍ. Hrossaræktin var þar með komin með fullkomnasta gagnavörslukerfi allra búgreinanna sem að auki var í einkatölvuumhverfi (PC), en ekki í stórtölvuumhverfi eins og þá var enn þá algengast.

Fyrsta hringgerðið á Íslandi reis á Hólum.

Samþykkt á Alþingi þingsályktun þar sem samgönguráðherra var falið að skipa nefnd til þess „að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlanir.“ Fram til þessa höfðu hestamenn að mestu ríðið um vegslóða fyrri tíðar og almenna akvegi.

1992

Skráning, útreikningur og birting á niðurstöðum kynbótasýninga gerð miðlæg í gagnagrunni Fengs í Bændahóllinni með hagnýtingu miðlara/biðlara tækni (veraldarvefurinn ennþá ekki til).

Ritið Kynbótadómar og sýningar / Studhorse Judging and Studshows / Zuchtprferbeurteilung und Körungen kom út á þremur tungumálum hjá BÍ, ritstjóri Kristinn Hugason. Í ritinu voru birtar heildarreglur um sýningahaldið í hrossaræktinni og stigunarkvarði eiginleikanna. Var þetta fyrsta eiginlega skilgreining dómstigans og þar með nákvæm útfærsla sértæka kynbótamarkmiðsins.

Gerð umfangsmikil endurnýjun á forritunum sem notuð voru til útreikninga á kynbótamati BÍ. Metnum og tengdum eiginleikum fjölgað úr 10 í 14. Einnig byrjað að reikna út kynbótamat fyrir hæð á herðar.

Formlegt samstarf FT og Hólaskóla um kennslu í hestamennsku hófst.



1993

Fagrað til hliða og sinn heyrðu lögm.

Námsk hefjast forustu

Sigurb útnefn ársins íþróttar fyrsta sem he þessi h

Á upps sem þa fyrsta nýr ver hestail sem F gaf, og Sigurb gripinn var útr ársins



Sigurbjörn Bárðarson hlaut sæmdarheitið íþróttamaður ársins árið 1993 en það er æðsta viðurkenning sem veitt er í íslenskum íþróttahéimi. Sigurbjörn er eini hestaíþróttamaðurinn sem hefur hlotið þennan heiður. Með honum á myndinni er töltheturinn Oddur frá Blönduósi en þeir félagar sigruðu töltkeppni landsmótsins árið á eftir (1994). Ljósmynd: Brynjar Gauti Sveinsson.



Hörkukeppni í ausandi rigningu. Mynd frá heimsleikunum í Brunnadern í Sviss 2009. Til hægri á myndinni er Tania H. Olsen á Sóloni frá Strö, en þau urðu heimsmeistarar í 100 m skeiði á sama móti á tímanum 7,44 sek. Ljósmynd: Jens Einarsson.



Kolka frá Há koti efst í flokki 5 vetra hryssna á landsmótinu á Vindheimamelum 2011. Knapi: Hrefna María Ómarsdóttir. Ljósmynd: Jens Einarsson.

1974

Örn Karlsson

Erfðahlutdeild
4,62%

Ófeigur frá Flugumýri IS1974158602

1976

Albert Jónsson

Erfðahlutdeild
5,20%

Hervar frá Sauðárkróki IS1976157003

1993

Í hrossarækt stofnað var við hrossaræktarnefnd á Hvanneyri undir forystu Ingimars Sveinssonar.

Í hrossarækt stofnað var við hrossaræktarnefnd á Hvanneyri undir forystu Ingimars Sveinssonar.

Sigurbjörn Bárðarson hlaut sæmdarheitið íþróttamaður ársins 1993 en það er æðsta viðurkenning sem veitt er í íslenskum íþróttahéimi. Sigurbjörn er eini hestaíþróttamaðurinn sem hefur hlotið þennan heiður. Með honum á myndinni er töltheturinn Oddur frá Blönduósi en þeir félagar sigruðu töltkeppni landsmótsins árið á eftir (1994). Ljósmynd: Brynjar Gauti Sveinsson.

Sköpunarhátíð hestamanna, á var haldin í Hvanneyri, var afhentur gulllaunagripur til íþróttamanns ársins, Ólafur hrossabændi og heitir hann Alsvinnur. Sigurbjörn Bárðarson hlaut gulllaunagripurinn. Sveinn Guðmundsson hlaut ræktunarmaður ársins.

1994

Undirrituð sameiginleg yfirlýsing FEIF, BÍ og landbúnaðarráðherra um að Ísland sé upprunaland íslenska hestsins.

Tólfsta landsmót LH og BÍ haldið á Gaddstaðflötum 28. júní til 3. júlí. Barnaflokkur var tekinn upp í stað yngri flokks unglinga. Samhliða mótinu fór fram svokallað Heimsbikarmót í hestaíþróttum.

Einka-Fengur, 1. útg. kom út. Var hér um fyrstu tilraun að ræða til að gera áskrifendum sem voru bæði innanlands og utan, fært að nota Fengkerfið í einkatölvum sínum en á þessum tíma var veraldarvefurinn enn langt undan.

Útskrifaðir nemar frá Hólum fengu rétt til aðildar að FT.

Ræktunarmaður ársins, heiðursviðurkennin BÍ, veitt í fyrsta sinn samkvæmt sérstöku stigakerfi. Vinningshafi var Magnús Einarsson í Kjarhólum 1. Heiðursviðurkenningin hefur verið veitt árlega allar götur síðan.

1995

Bændasamtök Íslands urðu til við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Stóðhestastöð ríkisins lögð niður. BÍ tók yfir reksturinn í eitt ár en aðstaðan var síðan leigð út, m.a. til sæðingarstarfsemi en húsið fór síðar í hendur Landgræðslunnar og var breytt úr hesthúsi í gestastofu.

Farið að úthluta fjármunum af fjárlögum (vegafé) til lagningar reiðvega.

1996

Reiðkennara- og þjálfarabráut Hólaskóla og FT var stofnsett og fyrstu reiðkennarnarnir voru útskrifaðir um vorið. Þetta nám var sprotinn að hestafræðideildinni. Jafnframt færðust öll inngöngupróf í FT til Hóla.

Skipuleg sæðingarstarfsemi hafin í Gunnarsholti á vegum Hrossaræktarsamtaka Suðurlands og Dýralæknabjónustu Suðurlands.

Fagræði í hrossarækt tók við störfum hrossaræktarnefndar, undir formennsku og með meirihlutaáðild Félags hrossabænda.

1997

Veraldar- og Íslands-Fengur urðu til og voru áskrifendur 200 í 12 löndum.

HÍL sameinaðist LH sem þar með varð aðili að ÍSÍ (sér samband).

1998

Upp kom smitandi veiki í hrossum, svokölluð hitapest, sem setti mikið mark á hestamennskuna, þótt til undantekninga heyrði að hross dræpust úr veikinni.

Ný lög, sem gilda m.a. um hrossarækt, búnaðarlög nr. 70/1998 voru samþykkt. Gilda þau enn með síðari breytingum.

Þrettánda landsmót LH og BÍ haldið á Melgerðismelum í Eyjafirði 8. – 12. júlí. Á mótinu var í fyrsta sinn keppt í ungmennaflokki. Jafnframt kom til framkvæmda ákvörðun hlutaðeigandi að eftirleiðis skyldu landsmótin haldin á tveggja ára fresti.

Sveitarfélögin úthluta fé í fyrsta sinn sérstaklega til lagningar reiðvega. Lágri upphæð var veitt fyrst í stað, en hún jókst með árunum og er nú orðin hærrí en hið almenna vegafé sem ríkið úthlutar ár hvert.

Örmerkingar hrossa hefjast.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Hólaskóli gera samning um menntun í reiðmennsku á háskólastigi.

Heildarsameiningu hrossaræktarsambandanna og deilda Félags hrossabænda lokið og Hrossaræktarsamband Íslands lagt niður.

2000

Opinberu fé veitt til Hestamiðstöðvar Íslands í Skagafirði og til sérstaks átaks í hestamennsku á landsvísu. Stóð yfir til og með 2004.

Fjórtaða landsmót LH og BÍ haldið í Reykjavík 4. – 9. júlí. Með þessu móti urðu þau þáttaskil, að mótið fór fram í borg. Mótið var hið myndarlegasta, en augljós afturför hvað þátttöku í stökkippreiðum varðaði.

Farið að bjóða upp á þriggja ára sérhæft hestafræðináms við Hólaskóla með áherslu á þjálfun og reiðmennsku, þar sem tvö seinni árin eru á háskólastigi.



„Reiðhross með rykugar nasir / rymja og hósta og frýsa.“ (úr kvæðinu *Að nýju* eftir Sigurð Jónsson frá Brún). Taktur frá Tjarnarlandi og Viðar Ingólfsson í stólparoki í keppni. Ljósmynd: Jens Einarsson.



Göngur og réttir. M
I

1979

Erling Ó. Sigurðsson



Erfðahlutdeild
3,69%

EIJ

Adam frá Meðalfelli IS1979125040

1981



Gísli Gíslason

EIJ

Kolfinnur frá Kjarnholtum IS1981187020

Einar Øder Magnússon



Erfðahlutdeild
1,57%

EIJ

Kjarval frá Sauðárkróki IS1981157025

1982

Eiríkur Guðmundsson



Erfðahlutdeild
5,41%

Otur frá Sauðárkróki

2001

Worldfengur (WF) varð til en árið áður var gerður samningur um samstarfsverkefni BÍ og FEIF um uppbyggingu alþjóðlegs gagnagrunns fyrir íslensk hross. Eitt megin verkefnið var að koma á alþjóðlegu kynbótamati sem gerði samanburð á kynbótahrossum (fædd og/ eða sýnd í mismunandi þjóðlöndum) mögulegan.

Sögusetur íslenska hestsins stofnsett á Hólum í Hjaltadal.

2002

Heildarreglur um framkvæmd kynbótadóma voru samræmdar á milli Íslands og FEIF landanna. Reglurnar, m.a. þær er giltu sérstaklega fyrir Ísland, öðluðust aukna stjórnskipulega festu hér á landi við setningu reglugerðar um uppruna og ræktun íslenska hestsins, nr. 948/2002, með breytingum 465/2004 og 810/2005.

Fimmtánda landsmót LH og BÍ haldið á Vindheimamelum 2. – 7. júlí. Á mótinu var í fyrsta sinn keppt í 100 m flugskeiði. Nýtt einkahlutafélag, Landsmót ehf., í eigu LH að 2/3 hlutum og BÍ að 1/3, tók til starfa. Því var ætlað að flytja þekkingu á milli landsmótsstaða og tryggja afkomu mótanna.

2003

Starf umboðsmanns íslenska hestsins sett á laggirnar að frumkvæði stjórnvalda og starfaði hann til ársloka 2006.

2004

Nýtt reiknilíkan (BLUP) tekið í notkun og kynbótamat BÍ reiknað út með nýjum forritum. Á síðustu árum hefur kynbótamat fyrir prúðleika á fax og tagl, fet og hægt tölt bæst við.

Sextánda landsmót LH og BÍ haldið á Gaddstaðafiötum 28. júní til 4. júlí. Stökkgreinar teknar af dagskrá og tekið upp kerfi fyrirfram ákveðins fjölda keppnishrossa í tölti, skeiðgreinum og hversu mörg ræktunarbú fengu þátttökurétt á mótinu.

Bókin *Íslenski hesturinn*, eftir Gísla B. Björnsson, Hjálta Jón Sveinsson o.fl., kom út á ensku og þýsku auk íslensku. Hér er um að ræða myndskreytt yfirlitsrit um fjölmargt er snertir íslenska hestinn, notkun hans og menningu honum tengdri í nútíð og fortíð. Útgefendur Mál og menning og Sögusetur íslenska hestsins.

2005

Samþykkt að veita fé árlega af fjárlögum ríkisins til þróunarverkefna í hrossarækt, hestamennsku og markaðsmála hestsins (Þróunarsjóður hrossaræktarinnar). Verkefnið var til fimm ára fyrst í stað, en ýmislegar úthlutanir hafa átt sér stað flest ár síðan. Upphæðir og fyrirkomulag úthlutunar breytilegt.

Spattnýmdatökur á stöðhestum (5 vetra), sem ætlunin er að mæta með í kynbótadóm, var gerð skyldubundin.

Átak hófst í DNA-greiningu hrossastofnsins. Hún varð síðar skilyrði fyrir A-vottun í skýrsluhaldinu og forsenda þess að hross fengju kynbótadóm.

2006

Átak til byggingar inniaðstöðu til hestamennsku (reiðhallir, reiðskemmur og –skálar) hafið undir forystu ríkisvaldsins, með sérstaka áherslu á landsbyggðina, í samræmi við þingsályktun frá 2003. Sveitarfélagin, einkum þau fjársterkari í þéttbýlinu, fylgdu þessu átaki við myndarlega eftir, m.a. vegna aukinna almennra krafna og skilnings á mikilvægi inniaðstöðu til ástundunar íþrótta.

Sautjándi landsmót LH og BÍ haldið á Vindheimamelum 26. júní – 2. júlí.

Hólaskóli kom fram með hið svokallaða Knapamerkjakerfi til að nota við almenna en markvissa hestamennskukennslu. Knapamerkjakerfið, sem gefið var út í bókarformi, hefur fimm stig og gera efri stigin kröfu um umtalsverða getu. Kerfið var tekið upp í fræðslustarfi hjá hestamannafélögunum og metið til eininga í framhaldsskólum. Í nokkrum skólum hafa síðan verið settar á laggirnar sérhæfðar hestamennskubrautir til stúdentsprófs.

Alþjóðlegt kynbótamat innan FEIF landanna tekið í notkun. Vinna við að undirbúa það hófst 2003.

2007

Háskólinn á Hólum var formlega stofnaður og tók við allri starfsemi sem var áður á vegum Bændaskólans á Hólum.



Mynd af fjárrekstri úr Þjórsárdal haustið 2010.
Ljósmynd: Jens Einarsson.



Fánareið FT á landsmótinu á Vindheimamelum 2006.
Ljósmynd: Eiríkur Jónsson.



Íslenska fánaborgin á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Hollandi 2007. Ljósmynd: Sigurgeir Sigurjónsson.



IS1982151001

1986

Rúna Einarsdóttir

Erfðahlutdeild

8,42%

EiJ

Orri frá Púfu IS1986186055

1988

Ragnar Ingólfsson

Erfðahlutdeild

1,50%

EiJ

Gustur frá Hóli IS1988165895

2008	2010	2011	2012	2013	2014	2016
Farið var að kenna „Reiðmanninn“ á vegum LbhÍ á Hvanneyri sem er kennsla í reiðmennsku fyrir almenning. Fyrsti visir að kortasjá LH varð til, sjá http://www.map.is/lh Átjándi landsmót LH og Bí haldið á Gaddstaðafliótum 30. júní - 6. júlí.	BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu varð í boði við Háskólann á Hólum. Alvarleg pest, svakólluð hóstapest, kom upp í landinu. Orsakaði hún útflutningsbann á hrossum um skeið og riðlaði mjög hestamennskunni. Var níttjándi landsmóti LH og Bí m.a. frestað um ár. Engin hross drápuð þó úr veikinni. Staðfesting fékkst á að skráning í WF jafngilti útgáfu hestapassa vegna útflutnings.	Níttjándi landsmót LH og Bí haldið á Vindheimamelum 26. júní – 3. júlí. Gefin út ný reglugerð um uppruna og ræktun íslenska hestsins, nr. 442/2011 (einnig birt í enskri þýðingu).	Tuttugasta landsmót LH og Bí haldið í Víðdal 25. júní – 1. júlí. Mótið var skipulagt m.t.t. að öll hross væru hýst á sýingasvæðinu. Í lok mótsins var efnt til pallborðsumræðu með sigurvegurum allra flokka og efnt til stórrar sölusýningar á aðalvellinum. Örmerkingar hrossa urðu að skyldumerkingu, skv. reglugerð um merkingar búffjár nr. 916/2012.	Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) tók til starfa. Um er að ræða einkahlutafélag í 100% eigu Bændasamtaka Íslands og tók það við meginhluta starfsemi Bí hvað varðar leiðbeiningar í hrossarækt.	Átak hófst fyrir forgöngu hestamannafélaga og LH við uppsetningu svokallaðra veggpresta, en það eru staðlaðar og hnitsettar merkingar reiðleiða. Tuttugasta og fyrsta landsmót LH og Bí haldið á Gaddstaðafliótum 29. júní – 6. júlí. Griðarleg þátttaka var í kynbótasýningu mótsins, en inntöðuskilyrðin fyrir klárhross voru m.a. lækkuð.	Verkefninu <i>Horses of Iceland</i> hleypt af stokkunum en undirbúningur hófst árið 2015. Um er að ræða ímyndarsköpunarverkefni fyrir íslenska hestinn með aðkomu hagsmunaaðila, félaga og einkaaðila, sem og ríkissjóðs. Mikil áhersla er lögð á hagnýtingu samfélagsmiðla og er verkefnið hýst hjá Íslandsstofu. Tuttugasta og annað landsmót LH og Bí haldið á Hólum í Hjaltadal 27. júní – 3. júlí. Tekið var upp nýtt kerfi fyrirfram ákveðins fjölda kynbótahrossa í hverjum flokki inn á mótið og jafnframt efnt til úrvalssýningar á kynbótahrossum sem náðu 9,5 eða 10 á vorsýningum fyrir tölt, brokk, stökk, skeið, eða fegurð í reið. Hefðbundinni mótsdagskrá lauk á laugardagskvöldi og sunnudagurinn, lokadagur mótsins, var helgaður fræðslufyrirlestrum og -sýningum.

Heimildir

Arsrit Landsambands hestamannafélaga 1951. Prentsmiðjan Oddi hf., Reykjavík 1952.
Arsrit Landsambands hestamannafélaga 1952 - 1955. Prentsmiðjan Oddi hf., Reykjavík 1956.
Bjarni Guðmundsson, 2013: Frá hestum til hestaflla. Uppheimar, Akranesi.
Eyjólfur Jónsson, 2018: *History of Riding Education in Iceland*. Erindi flutt á menntaráðstefnu FEIF, 23. – 25. mars, Hólum í Hjaltadal.
Guðrún J. Stefánsdóttir, 2018: *Sérhæft hestanáms við Hólaskóla og mikilvægi þess fyrir Íslandshestaheiminn*. Erindi flutt á ráðstefnunni Frá fullveldi til framtíðar, 19. – 20. apríl, Hólum í Hjaltadal.
Halldór H. Halldórsson, 2018: Öbirt samantekt um sögu reibvegaframkvæmda á Íslandi.
Heimir Gunnarsson, 2017: *Íslandshástens avelshistoria*. Svenska Íslandshästföreningen, Avel.
Ingibjörg Sigurðardóttir, 2004: *Hestatengd ferðabýðunasta á Íslandi*. Lokaverkefni í rekstrardeild HA.
Jón Baldur Lorange, 2017-2018: Ferðalag með Feng, greinaflokkur í Bændablaðinu. Bændasamtök Íslands, Reykjavík.
Jónas Jónsson, 2013: *Landbúnaðarsaga Íslands* 3. bindi. Hefðbundin kvikfjárrækt. Skrudda, Reykjavík.
Kristinn Hugason, 1992: *Um kynbætur hrossa*, fræðslurit nr. 9. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.
Kristinn Hugason, 2016: *Hreyfing hestamanna* - Könnun á möguleikum aukins formlegs samstarfs eða sameiningar, skýrsla. Félag hrossabænda. FT og LH, Reykjavík.




Afkvæmahópur Orra frá Þúfu á landsmótinu í Reykjavík 2000. Ljósmynd: Eiríkur Jónsson.


Erfðaframför í íslenska hrossastofninum 1970 til 2017

Í línuritunum hér að neðan má sjá erfðaframför í íslenska hrossastofninum á árunum 1970 til 2017. Efst er sýnd framförin í sköpulagseinkunn, þar fyrir neðan hæfileikaeinkunn og neðst í aðaleinkunn, tölulegar niðurstöður eru settar fram á kvarða dómstigans. Viðmiðunarpunktur á kvarðanum eru sex vetra hryssur sem voru dæmdar hér á landi árið 2017 (árgangur 2011). Metið kynbótagildi hvers árgangs er þannig miðað við umhverfisaðstæðurnar sem voru hjá þeim og út frá þeirri forsendu hefðu hrossin fengið þá meðaleinkunn sem fram kemur á línuritunum. Þannig hefðu t.d. klónuð hross frá árinu 1970 fengið 7,44 í aðaleinkunn við áður nefndar umhverfisaðstæður 2017. Sýnir það glöggst hversu afgerandi erfðaframförin hefur verið. (Heimild: IHBC ab; Þorvaldur Árnason).


Sköpulag



Hæfileikar




Aðaleinkun




Þróun í stærð íslenska hestsins, metin sem hæð á herðar, á árunum 1992 til 2017

Á línuritinu hér að neðan má sjá þróun í stærð íslenska hestsins á árabílinu 1992 til 2017. Metin sem stangarmálshæð á herðar dæmdra kynbótahrossa á þessu árabíli. (Heimild: WorldFengur).



Þróun í tíðni skeiðgensins 1970 til 2010

Í *DMRT3* erfðavísinum geta verið tvær samsætur; A og C, sem eru í raun tvær útgáfur af þessum erfðavísi. Vegna tengsla sinna við skeiðgetu hefur A samsætan verið kölluð skeiðgenið í daglegu tali. Línuritið hér að neðan sýnir þróun í tíðni A og C samsætanna frá 1970 til 2010 og sést þar glöggst hvað tíðni A samsætunnar hefur aukist á þessu 40 ára tímabili en tíðni hennar er kominn nú yfir 90% en tíðni C samsætunnar lækkað að sama skapi. Ef fram heldur sem horfir er hætt á að C samsætan hverfi úr stofninum innan tiltölulega skamms tíma. (Heimild: <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/jbg.12112/pdf>)



Framtíðarsýn

Í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands er sannanlega mikil áhersla lögð á að vekja athygli á íslenska hestinum. Hann er einn af þeim dýrum okkar, ekki eingöngu vegna einstakra eiginleika sinna, heldur einnig vegna þess að í honum býr saga okkar. Hann er einn af þeim dýrum okkar, ekki eingöngu vegna einstakra eiginleika sinna, heldur einnig vegna þess að í honum býr saga okkar. Hann er einn af þeim dýrum okkar, ekki eingöngu vegna einstakra eiginleika sinna, heldur einnig vegna þess að í honum býr saga okkar. Hann er einn af þeim dýrum okkar, ekki eingöngu vegna einstakra eiginleika sinna, heldur einnig vegna þess að í honum býr saga okkar.



SIS



JeE



JeE



AFG



SS



JeE



JeE



JeE



JeE

arlega vert að
af gersemum
nleika sinna,
sameiginlegrar
ögum
em íslensk
um. Íslenskri
á síðustu
ð skipuleg
erfðaframfarir
ngu, þjálfun og
u framsýnna

ræktenda og reiðfólks, mikilla rannsókna og þekkingaröflunar á hestinum og ræktunarkerfis í kringum hann sem er á heimsmælikvarða. Með þessu starfi hefur verið unnið afrek í virkri stofnvernd, þar sem gömlu landkyni er fundið nýtt hlutverk og viðgangur þess þannig tryggður til framtíðar.

Margþætt gleði og mýkt í geði og gangi eru orð sem eru samofin íslenska hestinum. Ljúfi vinurinn og sálufélaginn, harðgerði, endingargóði og duglegi ferðahesturinn, einstök fegurðin í sköpulagi, jafnt sem margháttuð og mögnuð ganghæfnin, samfara úrvals geðslaginu og einörðum en samstarfsfúsum viljanum. Allt eru þetta dæmi um fjölþættar og verðmætar hliðar íslenska hestsins sem við viljum varðveita og betrumbæta til

framtíðar. Margþætt hlutverk hestsins hefur skapað honum vinsældir á Íslandi og um heim allan. Hvort sem fólk vill njóta hans í stuttum útreiðartúrum, ferðast á honum um vegleysur og víðáttur, eða taka þátt í keppni þar sem nákvæmur undirbúningur og reiðlist skapa árangurinn, þá hefur íslenski hesturinn allt þetta fram að færa. Það er einmitt þessi fjölbreytni í fari hans sem ætlunin er að efla til framtíðar, þannig að íslenski hesturinn geti verið lífshestur fólks og veitt því samfylgd alla ævi, hvert sem áhuginn og metnaðurinn leitar. Við Íslendingar eigum sannarlega þjóðarhest sem vert er að vera stolt af, veita brautargengi, kynna enn betur og afla vinsælda í hjörtum og huga æ fleira fólks um lönd og álfur.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Skagafjörður



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

